

Yfirlitsskýrsla

Sendiráðs Íslands í Brussel



Fyrri hluti árs 2013

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	4
ALMENNT UM STARFSEMI SENDIRÁÐSINS	4
STARFSMANNABREYTINGAR	4
UPPLÝSINGAMIÐLUN.....	5
BORGARÁÐJÓNUSTA.....	5
HEIMSÓKNIR OG FUNDIR	5
EES-SAMNINGURINN	6
SAMÞYKKT LÖGGJÖF SEM FELLUR AÐ HLUTA EÐA AÐ ÖLLU LEYTI UNDIR EES-SAMNINGINN.	7
Nýtt evrópskt ökuskírteini.	7
Hertar reglur um matsfyrirtæki.....	7
Neytendur njóti réttlátra og skjótra leiða til úrlausna utan dómsstóla.....	8
Markaðssetning og notkun sprengjuvaldandi efna.....	8
Bann við prófunum á dýrum við þróun snyrtivara.....	8
Alþjóðlegt flug fær árs frest frá ETS.....	8
Styrkari efnahagsstjórnun evrusvæðisins.....	8
Auknar gegnsæiskröfur á verðbréfamarkaði.....	9
Ný tilskipun um öryggi og ábyrgð við olú- og gasvinnslu á hafi úti.....	9
Eigið fé banka og fjárfestingafyrirtækja.....	9
Ný merking lyfja sem gangast undir sérstakt eftirlit.....	9
LÖGGJÖF SEM ER Í UNDIRBÚNINGI OG FELLUR AÐ HLUTA EÐA ÖLLU LEYTI UNDIR EES-SAMNINGINN.....	9
Ný stefna í eldsneytismálum („clean fuel strategy“).	9
Merking á þurrmjólk, megrunarfæði og hitaeningasnauðum mat.....	10
Aukin vernd verkamanna gegn spilliefnum.....	10
Öruggari vörur og samkeppni á jafnræðisgrundvelli á innri markaði ESB.....	10
Öflugari reglur til að berjast gegn peningþvætti.....	10
Frumvarp um hávaðamörk bifreiða.....	10
Aukið gagnsæi og samfélagsleg ábyrgð stórra fyrirtækja.....	11
Heilsa og öryggi fólks sem vinnur á sviði rafseguls og rafsegulsómunar.....	11
Bankaefirlit Evrópu fær grænt ljós.....	11
Hertar aðgerðir til að bregðast við ósanngjörnum viðskiptaháttum.....	11
Réttindi fólks sem starfar utan heimalands.....	12
Heilsufarsógnir þvert á landamæri.....	12
Samkomulag varðandi lánsveð.....	12
Endurskoðun á tilskipun um fagréttindi.....	12
Nýjar reglur um bankabjörgun í undirbúningi.....	12
Endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB.....	13
Réttur fólks til lögfræðiaðstoðar í sakamálum.....	13
LÖGGJÖF OG ANNAD SEM FELLUR UTAN EES-SAMNINGSINS.....	13
Aðgerðaráætlun fyrir frumkvöðlastarfsemi til 2020.....	13
Endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.....	13
Milliríkjasamningur um stofnun samræmnds einkaleyfisdomstóls.....	14
Skipulag starfsemi á sjó og stjórnun strandsvæða.....	14
Tillaga varðandi réttindi flugfarþega.....	14
Losun gróðurhúsalofttegunda (LULUCF).....	14
Samevrópsk vernd fyrir fórnarlömb ofbeldis.....	14
Breyting á reglugerð um verkun hákarlaugga.....	15
Langtímafjárlög ESB fyrir tímabilið 2014-2020.....	15

Fríverslunarviðræður við Bandaríkin	15
Lettland sem 18. Evruríkið.....	15
SCHENGEN	15
SAMSKIPTI VIÐ ESB	17
AÐILDARVIÐRÆÐUR VIÐ ESB	17
TVÍHLIÐAMÁL	17
ÚTANRÍKISMÁL	18
SAMSKIPTI ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA VIÐ EVRÓPUÞINGIÐ	21
FORMENNSKURÍKI ESB 2013	21
FORMENNSKA ÍRA (JANÚAR – JÚLÍ 2013)	21
FORMENNSKA LITHÁA (JÚLÍ – DESEMBER 2013)	22
LEIÐTOGAFUNDIR ESB	23
EFST Á BAUGI Á EVRÓPUÞINGINU	24
MENNINGARMÁL	26

Inngangur

Almennt um starfsemi sendiráðsins

Sendiráð Íslands í Brussel sinnir hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu auk þess að gegna hefðbundnum sendiráðsstörfum gagnvart umdæmisríkjum þess en þau eru Belgía, Holland, Lúxemborg, Sviss og San Marínó. Megin viðfangsefni sendiráðsins hefur á tímabilinu verið að sinna rekstri EES- og Schengen-samninganna í nánu samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi, auk almennrar hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB. Formlegur rekstur EES-samningsins fer að mestu fram á vettvangi fastanefndar EFTA, sameiginlegu nefndar EES, eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og EFTA-dómstólsins í Lúxemborg. Íslenskir sérfræðingar taka og þátt í sérfræðinganefndum EFTA og nokkrum af þeim fjölmörgu vinnunefndum framkvæmdastjórnar ESB sem taka til umfjöllunar mál er varða framkvæmd og þróun reglna innan ESB og hafa áhrif á EES-samstarfið. Ísland hefur aðgang að stjórnarnefndum á vettvangi rannsókna og þróunar, sem og að miklum fjölda sérfræðinga- og samráðsnefnda sem aðstoða framkvæmdastjórn ESB við undirbúning lagasetningar. Ísland hefur þó ekki atkvæðisrétt á slíkum fundum. Rekstur Schengen-samstarfsins fer fyrst og fremst fram á vettvangi samsettu nefndarinnar og sérfræðinganefnda hennar. Í þessari skýrslu er farið yfir helstu viðburði og málefni sem komu til kasta sendiráðsins fyrri hluta ársins 2013.

Skipta má í tvo flokka þeim viðfangsefnum sem helst hafa verið í brennidepli á vettvangi EES. Annars vegar er um að ræða gerðir sem erfitt er að taka upp í EES samninginn án framsals valdheimilda umfram þar sem stjórnarskrár EFTA ríkjanna heimila, en vegna stofnanabreytinga hjá ESB hefur slíkum gerðum fjölgað. Í því samhengi má nefna reglur ESB um eftirlit með fjármálamörkuðum í Evrópu, sektarvald í lyfjamálum, reglur á sviði skipaskoðunar o.fl. Í annan stað ber að nefna áttak til þess að draga úr fjölda ESB-gerða sem ekki hafa enn verið teknar upp í EES-samninginn en eru í flestum tilfellum komnar til framkvæmda innan ESB. Hefur það borið nokkurn árangur og voru 258 gerðir teknar inn í EES-samninginn á tímabilinu, samanborið við 197 gerðir á síðari helmingi ársins 2012. Ennfremur sinna starfsmenn sendiráðsins hagsmunagæslu vegna þátttöku EFTA EES ríkjanna í samstarfsáætlunum ESB m.a. á sviði mennta-, menningar-, æskulýðs- og vísinda- og nýsköpunarmála og sækja umtalsverðan fjölda reglulegra nefndarfunda.

Sendiráðið sinnti samráði og samstarfi við stofnanir ESB, bæði um tvíhliðamál svo sem orku- og norðurslóðamál en einnig almennt um utanríkismál. Þá hélt sendiráðið áfram að sinna margvíslegum erindrekstri vegna deilu Íslands og ESB um makrílveiðar og átti starfsfólk þess tugi funda með fulltrúum stofnana ESB og aðildarríkja sambandsins. Samstarf við utanríkisþjónustu ESB var með reglubundnum hætti og tóku fulltrúar Íslands þátt í samráðsfundum um utanríkis og varnarmál, sem EES ríki, umsóknarríki og aðili að NATO.

Í janúar var ákveðið að hægja á aðildarviðræðum Íslands og ESB fram yfir kosningar voruð 2013. Engir nýjir kaflar voru því opnaðir á tímabilinu og engum lokað. Í kjölfar alþingiskosninganna ákvað ný ríkisstjórn að gera hlé á aðildarviðræðunum og halda þeim ekki áfram nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Starfsmannabreytingar

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á tímabilinu í sendiráðinu. Karen Govaerts lét af störfum um miðjan apríl og Edwige Jamotte í byrjun maí. Báðar störfuðu þær sem ritarar í sendiráðinu. Við störfum þeirra tóku Erika Miranda, sem hóf störf um miðjan maí, og Lena

Marenne, sem hóf störf í byrjun júní. Grímur Jóhannsson starfsnemi lauk störfum í lok janúar. Sigrún H. Jónsdóttir og Inga Magnea Skúladóttir, starfsmenn, hófu störf um miðjan janúar. Þær luku störfum síðari hluta júnímánaðar og þá hóf störf Halldór Berg Harðarson.

Upplýsingamiðlun

Sendiráðið hefur í rúmt ár haldið úti notendareikningi á samskiptasíðunni Twitter til að kynna starfsemi þess, styrkja tengsl þess við hagsmunaaðila í Evrópu og á Íslandi og efla upplýsingamiðlun um Evrópumál og Ísland. Þetta tilraunaverkefni hefur reynst nokkuð vel til að koma á framfæri fréttum um Ísland og ákvarðanir stjórnvalda. Í lok júní sl. fylgdu um 645 manns fréttaveitu sendiráðsins á Twitter.

Borgarþjónusta

Þjónusta við íslenska ríkisborgara er mikilvægur þáttur í starfsemi sendiráðsins. Starfsmenn sendiráðsins veita Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum alla þá aðstoð sem völ er á, hvort sem um er að ræða úrlausn vandamála eða upplýsingagjöf. Ræðismenn Íslands í umdæmisríkjum sendiráðsins eru mikilvægur hlekkur í öryggisneti Íslendinga og gætir sendiráðið þess að eiga við þá náið og gott samstarf. Umfangsmesta viðfangsefnið á fyrri hluta ársins var framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna alþingiskosninga. Talsverður fjöldi Íslendinga býr í Belgíu og nýttu margir þeirra sér þessa þjónustu sendiráðsins. Fyrir Íslendinga í öðrum umdæmisríkjum sendiráðsins er hægara um vik að leita til kjöræðismanna. Að vanda sinnti sendiráðið útgáfu neyðarvegabréfa, framlengingu vegabréfa og sinnti ýmsum smærri og stærri aðstoðarmálum.

Heimsóknir og fundir

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, kom í opinbera heimsókn til Brussel þann 13. júní sl. og átti m.a. fund með Stefan Fule, framkvæmdastjóra stækkunarmála ESB. Á fundinum gerði utanríkisráðherra grein fyrir ákvörðun nýrrar ríkisstjórnar að gera hlé á aðildarviðræðum Íslands og ESB og að þeim yrði ekki framhaldið fyrr en að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Næsta skref væri hins vegar að gera úttekt á stöðu viðræðnanna, sem og þróun mála innan Evrópusambandsins frá því að Íslands sótti um, sem nýtt Alþingi myndi fjalla um. Utanríkisráðherra ítrekaði jafnframt áherslu nýrrar ríkisstjórnar á áframhaldandi góð samskipti við Evrópu. Hann lýsti vilja sínum og ríkisstjórnar að styrkja þátttöku Íslands í EES-samstarfinu, og efla enn frekar tvíhliða samstarf Íslands og ESB á sviði endurnýjanlegrar orku, málefna norðurslóða, sjávarútvegs og landbúnaðar. Þá óskaði utanríkisráðherra eindregið eftir því að fá að fylgjast náið með undirbúningi fyrirhugaðs fríverslunarsamnings Evrópusambandsins og Bandaríkjanna, enda myndi slíkur samningur hafa bein áhrif á Ísland og önnur EES-ríki, og undirstrikaði mikilvægi almenns viðskiptasamráðs Íslands og ESB. Fyrr um daginn átti ráðherra fund með utanríkisráðherra Litháens, Linas Linkevicius, en Litháar tóku við formennsku í ráðherraráði ESB þann 1. júlí 2013. Á fundinum kynnti Gunnar Bragi Sveinsson ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hlé á aðildarviðræðum og ræddi auk þess farsælt samstarf Íslands og Litháens. Þá kynnti utanríkisráðherra sér einnig starfsemi EFTA og átti fund með framkvæmdastjóranum, Kristni F. Árnasyni og ræddu þeir helstu áskoranir á vettvangi EES samningsins.

Össur Skarphéðinsson, þáverandi utanríkisráðherra sótti ásamt föruneysi Brussel heim dagana 8. og 9. apríl. Ráðherrann átti á þessum tveimur dögum fundi með Stefan Fule, Karel De Gucht og Gunther Oettinger.

Á fundi Össurar og Fule var rætt um stöðu aðildarviðræðnanna og vilja ESB til að hefja samninga um fleiri málefnasvið á grundvelli samningsafstöðu Íslands. Málefni norðurslóða voru einnig til umræðu á fundinum, í framhaldi af fyrri viðræðum um samstarf Íslands og Evrópusambandsins á því sviði. Össur og Stefan Fule ræddu einnig samvinnu Íslands og Evrópusambandsins í framtíðinni á sviði mengunarvarna, ekki síst með tilliti til olíusvæða sem gert er ráð fyrir að verði starfrækt norðan Íslands í framtíðinni. Ákveðið var að hefja formlegt samráð milli Íslendinga og Evrópusambandsins undir heitinu “Arctic Dialogue.” Á fundi Össurar og De Gucht bundust þeir fastmælum um að náið samráð yrði haft við Íslendinga í krafti stöðu þeirra sem umsóknarríkis, um hinn stóra viðskiptasamning Evrópusambandsins og Bandaríkjanna sem nú er í undirbúningi. Á fundi fyrrverandi utanríkisráðherra með Oettinger var rætt um málefni tengd aðildarviðræðunum en að auki um hvernig ESB og Ísland gætu unnið saman að því að auka hlut jarðhitans í Evrópu. Í þeim tilgangi boðaði Oettinger til sérstakra hingborðsumræðna í Brussel í haust með íslenskum fyrirtækjum og evrópskum sérfræðingum og fulltrúum fjármálastofnana sem fjármagna orkuframkvæmdir í Evrópu.

Sem endranær sóttu fjölmargir hópar sendiráðið heim í tengslum við fundi og ráðstefnuhald í Brussel. Í apríl heimsótti hópur sveitarstjórnarfólks sendiráðið. Alls taldi hópurinn 40 manns frá 19 sveitarfélögum og í honum voru bæði kjörnir fulltrúar og æðstu starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

Þann 20. - 22. mars heimsótti annar hópur sveitarstjórnarfólks sendiráðið og fékk upplýsingar um störf þess. Alls taldi hópurinn 41 manns frá 22 sveitarfélögum og í honum voru bæði kjörnir fulltrúar og æðstu starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

Þann 20. – 21. mars heimsóttu sendiráðið þau Tómas Ingi Olrich, Ásmundur Einar Daðason, Gunnlaugur Snær Ólafsson, Þorleifur Gunnlaugsson og Halldóra Hjaltadóttir frá Heimsyn – félagi sjálfstæðissinna í Evrópumálum. Auk þess að funda með sendiherranum áttu hópurinn m.a. fundi með evrópuþingmönnum Cristian Dan Preda og Pat the Cope Gallagher og Stefano Sannino, framkvæmdarstjóra stækkunarmála.

EES-samningurinn

Fastanefnd EFTA og sameiginlega EES-nefndin hittust fjórum sinnum á fyrri hluta árs 2013. Alls voru 258 gerðir teknar inn í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. EES-ráðið hélt sinn 39. fund þann 21. maí í Brussel. Fundinum stýrði Eamon Gilmore, utanríkisráðherra og varaforsetisráðherra Írlands, fyrir hönd ESB en auk fulltrúa frá aðildarríkjum ESB voru viðstaddir David O’Sullivan rekstrarstjóri (e. Chief Operating Officer) utanríkisþjónustu ESB og Jonathan Faull, sviðsstjóri stjórnarsviðs innri markaðs og þjónustu framkvæmdastjórnar ESB (e. Director General, DG MARKT). Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein, stýrði fundinum fyrir hönd EES/EFTA-ríkjanna. Jafnframt sóttu fundinn Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, og Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Brussel fyrir hönd utanríkisráðherra.

Úttektir sem gerðar hafa verið síðastliðin ár á EES-samstarfinu og mat á framkvæmd EES-samningsins voru meginefni fundarins að þessu sinni. Fulltrúar ESB og EES/EFTA-ríkjanna voru sammála um að skýrslur og úttektir síðustu ára um EES-samstarfið hafi sýnt fram á að það virki vel. Það sé þó nauðsynlegt að hraða innleiðingu gerða í EES-samninginn og var í því sambandi rætt um áskoranir fyrir EES/EFTA-ríkin við innleiðingu gerða vegna þess hversu stofnanaumgjörð ESB hafi breyst mikið í árána rás. Fjallað var m.a. um nauðsyn þess að

finna lausn á þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í nýjum eftirlitsstofnunum á sviði fjármálaþjónustu. Þá var og ítrekað mikilvægi þess að ljúka sem fyrst viðræðum um aðild Króatíu að EES-samningnum og rætt um að hefja samningaviðræður vegna nýs þróunarsjóðs (Financial Mechanism) sem fyrst. Einnig var á fundinum fjallað um þróun á sviði fjármálaþjónustu, þ. m. t. bankabandalag ESB og evrópskt bankaeftirlitskerfi (e. Single Supervisory Mechanism) sem felur í sér flutning á meginábyrgð bankaeftirlits á evrusvæðinu til Seðlabanka Evrópu.

Í framhaldi af gagnrýni fulltrúa ESB á makrílveiðar Íslendinga ítrekaði Þórir Ibsen sendiherra fyrri afstöðu Íslands að umfjöllun um fiskveiðistjórn eigi hvorki heima á EES-ráðsfundinum né í niðurstöðum hans þar sem þær falla ekki undir EES-samninginn. Jafnframt mótmælti hann því harðlega að Ísland hefði ekki sýnt vilja til samninga. Þvert á móti hefði Ísland lagt fram ýmsar tillögur sem því miður hafi verið hafnað bæði af ESB og Noregi. Einnig hefði Ísland hvatt til aukinnar samvinnu á sviði vísindalegra rannsókna á makrílstofninum. Staðreyndin væri sú að Ísland sé strandríki og hafi rétt til að veiða makríl í sinni lögsögu. Það verði ekki litið fram hjá því að 1,1 til 1,5 tonn af makríl eða allt að 1/3 makrílstofninum gangi inn í íslenska lögsögu og nærast þar. Bæði ESB og Noregur hafa tekið sér einhliða kvóta og ekki tekið tillit til réttmætrar hlutdeildar Íslands. Sendiherra varaði jafnframt við mögulegum viðskiptaaðgerðum gagnvart Íslandi. Slíkar aðgerðir og hótanir þar um væru ekki til þess fallnar að liðka fyrir niðurstöðu í samningum. Að lokum lýsti hann Ísland, sem fyrr, tilbúið til áframhaldandi samningaviðræðna varðandi makrílinn.

Eftirfarandi er yfirlit yfir nokkur af helstu málunum sem hafa verið til umfjöllunar í EES samstarfinu fyrri hluta árs 2013:

Samþykkt löggjöf sem fellur að hluta eða að öllu leyti undir EES-samninginn.

Nýtt evrópskt ökuskírteini.

Frá miðjum janúar verða öll ný ökuskírteini innan ESB með stöðluðu evrópsku sniði og öflugri öryggisverndun en áður. Auk þess munu þau öll verða í formi plast „kreditkorta“ með auðþekkjanlegri mynd sem endurnýja þarf á 10-15 ára fresti (meiraprófsskírteini skal endurnýjast á 5 ára fresti). Aðgerðin er hluti af víðtækari aðgerðapakka (þriðja tilskipunin um ESB ökuskírteini) sem á að auka frelsi, takast á við ökuskírteinasvik og bæta umferðaröryggi innan ESB.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-25_en.htm

Hertar reglur um matsfyrirtæki.

ESB hefur sett nýjar reglur sem segja til um hvernig og hvenær matsfyrirtæki hafa leyfi til að meta ástand ríkisskulda og fjárstöðu einkafyrirtækja. Samkvæmt reglunum hafa matsfyrirtækin eingöngu leyfi til að gefa, óumbeðin, ríkisskuldabréfum einkunnir á ákveðnum tímum. Auk þess munu einkafjárfestar getað lögsótt þau fyrir vanrækslu. Matsfyrirtækin munu eingöngu geta átt ákveðið stóran eignarhluta í þeim fyrirtækjum sem þau gefa einkunn til að draga úr hagsmunaárekstrum. Jafnframt verða einkunnirnar birtar opinberlega til að stuðla að auknu gegnsæi og samanburðarhæfni á þessu sviði. .

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-555_en.htm?locale=en

Neytendur njóti réttlátra og skjótra leiða til úrlausna utan dómstóla.

ESB hefur samþykkt tilskipun og reglugerð sem ætlað er að auðvelda neytendum að leita skjótra, ódýrra og hlutlausra lausna á deilum sínum við kaupmenn. Reglurnar veita neytendum innan sambandsins möguleika á því að leita réttar síns utan dómstóla en slík málaferli geta reynst bæði löng og kostnaðarsöm. Samkvæmt tilskipuninni eiga aðildarríki að tryggja að til séu ferlar fyrir sérhvern viðskiptageira sem hægt er að nýta til að leita sátta utan dómstóla (e. Alternative Dispute Resolution). Reglugerðin veitir framkvæmdastjórn ESB leyfi til að opna vefsíðu, á öllum tungumálum aðildarríkja ESB, þar sem neytendur geta kvartað og þeim er vísað á bestu ferlana til að leita sátta utan dómstóla (e. Online Dispute Resolution).

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/intm/136891.pdf

Markaðssetning og notkun sprengjuvaldandi efna.

ESB hefur samþykkt reglugerð um markaðssetningu og notkun sprengjuvaldandi forefna (e. explosives precursors). Reglurnar vinna gegn notkun ákveðinna kemískra efna til framleiðslu á sprengiefni sem hægt er að nota t.d. við hryðjuverkaárásir. Markmið reglugerðarinnar er að auka öryggi innan ESB með því að búa til samevrópskan ramma fyrir aðgengi að ákveðnum sprengjuvaldandi forefnum.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/jha/134160.pdf

Bann við prófunum á dýrum við þróun snyrtivara.

Frá og með 11. mars er ólöglegt að markaðssetja snyrtivörur innan ESB sem hafa verið prófaðar á dýrum. Í tilefni dagsins sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingu þess efnis að hún virði settan frest til að hætta prófunum á dýrum. Einnig var tilgreint hvernig framkvæmdastjórnin ætlar að styrkja rannsóknir og nýsköpun á umræddu sviði samhliða því að vinna að dýravernd í heiminum.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-210_en.htm

Alþjóðlegt flug fær árs frest frá ETS.

ESB ákvað á dögunum að fresta því að alþjóðlegt flug heyri undir viðskiptakerfi með losunarheimildir (e. Emissions Trading System) og gildir það einnig um EES/EFTA-ríkin. Ákvörðunin lengir þann frest sem flugrekstaraðilar hafa til að innleiða viðskiptakerfið fyrir alþjóðlegt flug um heilt ár. Hún gefur flugfélögum tímabundna undanþágu frá því að gefa upp upplýsingar um kolefna útblástur (e. carbon emissions) í flugi milli aðildarríkja ESB/EES og þriðju ríkja.

<http://efta.int/eea/eea-news/2013-04-30-ets.aspx>

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/envir/136892.pdf

Styrkari efnahagsstjórnun evrusvæðisins.

ESB hefur samþykkt svokallaðar “two-pack” reglugerðir sem miða að því að styrkja og bæta efnahagsstjórnun evrusvæðisins. Í þessum reglugerðum felst m.a. nánari skoðun og mat á fjárlagaáætlunum ríkjanna sem og nánara eftirlit með þeim evruríkjum sem standa frammi fyrir alvarlegum efnahagserfiðleikum.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/137077.pdf

Auknar gegnsæiskröfur á verðbréfamarkaði.

ESB hefur samþykkt tilskipun um aukið gegnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði. Mun tilskipunin einfalda skilyrði og skyldur sem snúa að litlum og meðalstórum fyrirtækjum, draga úr umsýslu og samræma viðmið og staðla milli aðildarríkja.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/137336.pdf

Ný tilskipun um öryggi og ábyrgð við olú- og gasvinnslu á hafi úti.

ESB hefur samþykkt nýja tilskipun varðandi öryggi við olú- og gasvinnslu á hafi úti (e. offshore oil and gas operations). Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu olú- og gasfyrirtæki sanna getu sína til að greiða mögulegar skaðabætur ef tjón hlýst af starfsemi og leggja fram neyðaráætlun og áhættumat áður en framkvæmdir geta hafist. Aðildarríki ESB munu þurfa að undirbúa neyðarviðbragðsáætlun sem snýr að öllum borunarframkvæmdum innan þeirra lögsögu (e. external emergency response plans). Þau aðildarríki sem eiga sæti í Norðurskautsráðinu þurfa að gæta sérstaklega að öryggi og verndun norðurslóða.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/trans/137424.pdf

Eigið fé banka og fjárfestingafyrirtækja.

ESB hefur samþykkt málamiðlun um hinn svokallaða CRD 4- pakka sem breytir reglum ESB um lágmarks eiginfjárstöðu banka og fjárfestingafyrirtækja. Tillagan inniheldur annars vegar reglugerð sem kveður á um tilteknar varúðarreglur (e. prudential requirements) sem stofnanir eiga að virða og hins vegar tilskipun sem fjallar um aðgengi að innlánastarfsemi. Þessum reglum er ætlað að innleiða þjóðréttarsamning sem kallaður er „Basel 3 samningurinn“ sem m.a. kveður á um strangari eiginfjárkröfur fyrir banka og mælir fyrir um nýjan regluramma varðandi greiðsluhæfi og skuldsetningu.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/137544.pdf

Ný merking lyfja sem gangast undir sérstakt eftirlit.

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti reglugerð um merkingu lyfja sem eru undir sérstöku eftirliti. Merkið er öfugur, svartur þríhyrningur sem prentaður er í leiðbeiningarbækling lyfjanna. Frá og með september 2013 verður merkingin notuð til að merkja lyf sem innihalda ný efni og voru leyfð eftir 1. janúar 2011, líffræðileg lyf, s.s. bólusetningar, leyfð eftir 1. janúar 2011, og lyf sem þarf að safna meiri upplýsingum um eftir leyfisveitingu eða sem lúta ýmsum skilyrðum eða takmörkunum til að tryggja öryggi og virkni þeirra.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-199_en.htm

Löggjöf sem er í undirbúningi og fellur að hluta eða öllu leyti undir EES-samninginn.

Ný stefna í eldsneytismálum („clean fuel strategy“).

ESB kynnti aðgerðapakka sem stuðla á að uppbyggingu eldsneytisstöðva sem selja óhefðbundna orkugjafa. Þessar stöðvar munu allar vera eins hannaðar og fylgja sömu stöðlum. Aðgerðapakinn er tvíþættur og samanstendur af orðsendingu um stefnu ESB í málefnum óhefðbundinna orkugjafa og tilskipun þar sem áhersla er lögð á innviði og staðla en henni fylgir skjal sem útlistar aðgerðaáætlun um þróun fljótandi jarðgass (e. Liquid Natural Gas) til notkunar í skipum.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-40_en.htm

Merking á þurrmjólk, megrunarfæði og hitaeiningasnauðum mat.

Ný löggjöf varðandi merkingu á mat mun koma í stað margskonar löggjafar á þessu sviði og er ætlað að einfalda og skýra reglur varðandi merkingu á m.a. ungbarnaþurrmjólk (e. infant formula), barnamat úr mjólk og korni (e. follow on formula, processed cereal based food), megrunarfæði (e. total diet replacement for weight control) og mat sem notaður er í læknisfræðilegum tilgangi (e. food for special medical purposes). Ungabörn og fólk með alvarlega sjúkdóma eru viðkvæmir neytendur og því er talið sérstaklega mikilvægt að huga vel að öryggi og gæðum matvæla fyrir þennan hóp.

<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20130527IPR10526/html/New-rules-for-baby-food-special-diet-food-and-low-calorie-food>

Aukin vernd verkamanna gegn spilliefnum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu til að vernda verkamenn gegn spilliefnum á vinnustað. Lagðar eru til breytingar á sviði öryggis og heilsuverndar sem samræma eiga núverandi tilskipanir nýjustu reglum um hættustigsflokkun, merkingu og pökkun spilliefna á vinnustöðum. Samkvæmt tillögunni verða framleiðendur spilliefna og spilliefnablandna skyldaðir til að samræma upplýsingar um hættustig á umbúðum sem vara neytendur við spilliefnum, nauðsyn þess að forðast snertingu við þau og aðrar hættur sem af þeim stafa.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-158_en.htm

Öruggari vörur og samkeppni á jafnræðisgrundvelli á innri markaði ESB.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að nýjum reglum sem bæta eiga öryggi neysluvarnings innan innri markaðar sambandsins auk þess að efla markaðseftirlit með öðrum vörum en matvælum, þ.m.t. vörum frá ríkjum utan ESB. Reglurnar eiga að styrkja neytendavernd og skapa umhverfi þar sem fyrirtæki geti keppt á jafnræðisgrundvelli. Reglunum fylgir langtímaáætlun um markaðseftirlit þar sem lagðar eru fram 20 aðgerðir sem á að ráðast í fram til 2015. Aðgerðirnar eiga að bæta markaðseftirlit innan núgildandi regluverks þar til nýju reglurnar taka gildi.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-111_en.htm

Öflugari reglur til að berjast gegn peningaþvætti.

Evrópuþingið hefur nú til meðferðar tillögur sem styrkja eiga núverandi reglur ESB um peningaþvætti og millifærslur. Fyrri tillagan varðar gerð tilskipunar um varnir gegn nýtingu fjármálakerfisins til peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka. Síðari tillagan snýr að gerð reglugerðar um upplýsingar sem eiga að fylgja millifærslum fjármuna og eiga að tryggja tvöfalda rekjanleika færslanna.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-87_en.htm

Frumvarp um hávaðamörk bifreiða.

Í undirbúningi er löggjöf um hávaðamörk bifreiða. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á takmörk á leyfilegan hávaða af völdum bifreiða í tveimur fösum; fyrst á nýja bíla sem framleiddir eru (e. new vehicle models) (innan 6 ára eftir að reglurnar öðlast gildi) og síðan á allar nýjar bifreiðar sem teknar eru í notkun (e. new vehicles entering into service) (innan 8

ára eftir að reglurnar öðlast gildi). Einnig er lagt til að nýjar bifreiðar verði merktar eftir hávaðanum sem þær framleiða til upplýsingar fyrir neytendur.

<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20130201IPR05572/html/Parliament-backs-law-to-tone-down-harmful-traffic-noise>

Aukið gagnsæi og samfélagsleg ábyrgð stórra fyrirtækja.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram lagabreytingu sem á að stuðla að auknu gagnsæi í bókhaldi stórra fyrirtækja (með fleiri en 500 starfsmenn) þegar kemur að félags- og umhverfismálum. Þessi fyrirtæki munu þurfa að láta í té upplýsingar um stefnu sína, áhættu og árangur í félags- og umhverfismálum, mannréttindi, mútur- og spillingarmál og samsetningu stjórnar fyrirtækisins, m.t.t. kyns, aldurs, bakgrunns, kynþáttar ofl. Þetta er liður í því að auka gagnsæi og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-330_en.htm

Heilsa og öryggi fólks sem vinnur á sviði rafseguls og rafsegulsómunar.

Ráðið og Evrópuþingið með aðstoð framkvæmdastjórnar ESB hafa náð samkomulagi um tilskipun sem mun taka við af tilskipun frá 2004, sem tók aldrei gildi þar sem erfitt var að innleiða hana vegna stúfra skilyrða og mikilla takmarkana á nálægð við rafseglubúnað. Texti tilskipunarinnar byggir m.a. á nýjum vísindalegum rannsóknum og stefnt er að því að draga úr áhættu og gæta öryggis starfsfólks sem starfar á sviði rafseguls og rafsegulsómunar. Tilskipun þessi miðast við lágmarksöryggi og því geta aðildarríki sett sér strangari reglur í þessum geira.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/lsa/136706.pdf

Bankaeftirlit Evrópu fær grænt ljós.

Nefnd fastafulltrúa í ráði ESB (Coreper) hefur samþykkt samkomulag þingsins um stofnun evrópska bankaeftirlitsins (e. SSM). Samkomulagið sem um ræðir snýr að tveimur reglugerðum; annars vegar varðandi eftirlitshlutverk Seðlabanka Evrópu og hins vegar varðandi breytingu á reglugerð sem lýtur að stofnun Evrópska bankaeftirlitsins (e. European Banking Authority). Í hinu nýja kerfi mun Seðlabanki Evrópu bera höfuðábyrgð á sértækum SSM eftirlitsverkefnum sem tengjast fjárhagsstöðugleika allra banka á evrusvæðinu. Eftirlitsaðilar í hverju ríki munu áfram gegna mikilvægu hlutverki í daglegu eftirliti og við undirbúning og framkvæmd ákvarðana Seðlabanka Evrópu. Þau ríki sem eru utan evrusvæðisins geta tekið þátt í bankaeftirliti Evrópu og munu þá hafa sömu stöðu og evruríkin.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/136846.pdf

Hertar aðgerðir til að bregðast við ósanngjörnum viðskiptaháttum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að endurbótum á regluverki til að takast á við ósanngjarna viðskiptahætti, s.s. niðurgreiddar innfluttar vörur og undirboð sem skapar ójafnvægi á mörkuðum og torveldar gerð langtímaáætlana. Þetta er talið koma sér vel fyrir framleiðendur, innflutningsaðila og neytendum vel þar sem kerfinu er ætlað að auka gagnsæi, vera einfalt í notkun og verja evrópskan markað. Viðskiptavarnarkerfi ESB (e. trade defence instruments) hefur verið að mestu óbreytt síðan 1995 og er tímabært að uppfæra það m.t.t. mikilla breytinga á evrópska efnahagssvæðinu.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-315_en.htm

Réttindi fólks sem starfar utan heimalands.

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram tillögur að aðgerðum til að tryggja réttindi fólks sem kys að starfa innan annarra aðildarríkja en heimalandsins. Með þessum aðgerðum er miðað að því að fólk geti nýtt sér betur möguleika á að starfa í öllum aðildarríkjum ESB. Þessi möguleiki er tryggður með fjórfrelsinu en ákveðnar hindranir hafa verið í veginum sem hafa orsakað mismunun byggða á þjóðerni. Tillögurnar fela í sér að koma upp upplýsingaveitum til að aðstoða fólk og upplýsa það um rétt sinn, gefa verkalyðsfélögum og frjálsum félagasamtökum leyfi til að vinna að málum einstaklinga, á stjórnarsýslu- og dómstigi, ef það hefur verið beitt mismunun.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-372_en.htm

Heilsufarsógnir þvert á landamæri.

Nefnd fastafulltrúa í ráði ESB hefur samþykkt drög að ákvörðun (e. draft decision) sem miðar að því að styrkja getu og innviði ESB til að takast á við heilsufarsógnir þvert á landamæri (e. cross-boarder health threats). M.a. er átt við farsóttir, útbreiðslu eiturefna og ógnir af völdum náttúruhamfara. Leitast verður við að bæta og styrkja samvinnu og samhæfingu milli ríkja til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma þvert á landamæri og að berjast sameiginlega við aðrar ógnir.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/lisa/137136.pdf

Samkomulag varðandi lánsveð.

Nefnd fastafulltrúa í ráði ESB hefur staðfest samkomulag um lagatexta sem miðar að því að koma á fót samræmdum innri markaði með lánsveð (e. mortgage credit). Með þessari löggjöf er leitast við að skapa skilvirkan og samkeppnishæfan lánamarkað með öryggi neytenda að leiðarljósi.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/137053.pdf

Endurskoðun á tilskipun um fagréttindi.

Nefnd fastafulltrúa ESB hefur staðfest samkomulag við þingið og írsku formennskuna um endurskoðun á tilskipun um fagréttindi (e. Professional Qualifications) (10003/2/13). Endurskoðunin miðar að því að auka skilvirkni á gagnkvæmri viðurkenningu á fagréttindum/sérmenntun til að tryggja aukinn hreyfanleika faglærðs vinnuafis innan ESB. Til stendur m.a. að útbúa sérstakt skírteini (e. European professional card) sem verði viðurkennt í öllum aðildarríkjunum, auka gegnsæi og samræma kröfur og staðla fagstétta.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/intm/137620.pdf

Nýjar reglur um bankabjörgun í undirbúningi.

Ráðið hefur náð samkomulagi um nýjar reglur um innistæðutryggingar og ráðstafanir til bjargar bönkum og fjármálastofnunum. Samkvæmt þeim verða bankar, verðbréfaeigendur og þeir sem eiga meira en hundrað þúsund evru innistæður að bera skaðann sjálfir í fjármálakreppu og hruni. Almannafé verði aðeins notað til björgunar bönkum í sérstökum tilfellum. Samkvæmt tilskipuninni verða þróaðar nýjar aðferðir og tæki til að kljást við krísuástand banka og fjármálastofnana á þremur stigum; fyrirbyggjandi aðgerðum, snemmtækri íhlutun og lausn á krísuástandi. Fjármálastofnanir munu þurfa að búa til aðgerðaáætlanir (e. Recovery plan) og uppfæra það árlega.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/137627.pdf

http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-601_en.htm?locale=en

Endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB.

Samkomulag á milli ráðsins, þingsins og framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB (e. Common Agricultural Policy) náðist eftir langar samningaviðræður. Enn á eftir að ná endanlegu samkomulagi um tvö erfið mál; hámarksgreiðslur (e. capping) og tilfærslu fjármuna á milli 1. og 2. stoðar (beingreiðslur og dreifbýlisþróunarstuðningur). Nánari tilhögun þessara atriða mun ekki liggja fyrir fyrir en náð hefur verið samkomulagi um skiptingu á fjárlögum ESB fyrir 2014-2020. Endurskoðuð stefna miðar að því að gera hana grænni og jafna skiptingu fjármuna milli aðildarríkja, en á hverju ári renna um 40 milljarðar evra til landbúnaðarstefnu ESB. Skipting fjárisins breytist nú þar sem aukinn hluti fer til bænda í austurhluta Evrópu á kostnað starfsbræðra þeirra í Vestur-Evrópu. Aukin áhersla verður á að bæta umhverfið og nýta aukinn hluta jarðnæðis í álfunni til að framleiða umhverfisvænar afurðir.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/agricult/137615.pdf

http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-621_en.htm

Réttur fólks til lögfræðiaðstoðar í sakamálum.

Nefnd fastafulltrúa ESB hefur staðfest tilskipun sem tryggir rétt fólks til lögfræðings í sakamálum (e. Criminal proceedings). Tilskipunin tryggir fólki lágmarksréttindi í sakamálum þegar það hefur stöðu grunaðs manns eða sakbornings m.a. rétt til aðstoðar lögfræðings, rétt sakbornings til þess að upplýsa þriðja aðila um frelsissviptingu og rétt sakbornings til að ræða við ræðismann/yfirvöld hans ríkis. Þessi aðgerð er hluti af vegvísi (e. Roadmap on criminal procedural rights) sem miðar að því að tryggja og samræma lágmarksréttindi fólks þegar það hefur stöðu sakbornings eða er grunað um saknæmt athæfi.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/jha/137387.pdf

Löggjöf og annað sem fellur utan EES-samningsins.

Aðgerðaráætlun fyrir frumkvöðlastarfsemi til 2020.

Framkvæmdastjórnin samþykkti í janúar aðgerðaráætlun fyrir frumkvöðlastarfsemi til ársins 2020. Áætlunin er þríþætt og verða ákvarðanir teknar á hverju stigi innan ESB og hvers aðildarríkis. Í fyrsta lagi verða aðildarríkin hvött til að innleiða skyldunámskeið í skólum sem ýta undir frumkvöðlaanda nemendanna. Í öðru lagi verða hindranir til atvinnustarfsemi fjarlægðar til að greiða veginn fyrir frumkvöðla sem vilja stofna fyrirtæki. Í þriðja lagi á að ýta undir frekari þátttöku tiltekinna hópa, þ.e.a.s. kvenna, ungs fólks, eldra fólks og innflytjenda, í frumkvöðlastarfsemi.

http://europa.eu/rapid/press-release_SPEECH-13-5_en.htm

Endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

Bráðabirgðasamkomulag hefur náðst milli stofnana ESB um endurskoðun á fiskveiðistefnu ESB (e. Common Fisheries Policy). Markmið endurskoðaðrar stefnu eru að veiðar og eldi aðildarríkjanna verði sjálfbærar til langs tíma og stuðli að því að nægur fæðuforði verði til staðar. Meðal annars gerir samkomulagið ráð fyrir að fiskveiðikvótar verði að fullu ákveðnir í samræmi við vísindalega ráðgjöf og brottkast verði bannað.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/agricult/137364.pdf

Milliríkjasamningur um stofnun samræmds einkaleyfisdomstóls.

Milliríkjasamningur um stofnun samræmds einkaleyfisdomstóls (e. Unified Patent Court) hefur verið undirritaður. Markmið samningsins er að tryggja að sömu reglur um einkaleyfi gildi í þeim ríkjum sem eru aðilar að honum. Auk þess er ætlunin að einfalda málarekstur vegna brota á einkaleyfum þar sem mál verða rekin fyrir einum yfirþjóðlegum dómstóli í stað dómstóla margra landa. Með því verði einnig komið í veg fyrir að úrskurðir dómstóla stangist á. Samningurinn mun öðlast gildi við staðfestingu 13 ríkja.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/intm/135593.pdf

Skipulag starfsemi á sjó og stjórnun strandsvæða.

Framkvæmdastjórnin lagði fram drög að tilskipun um umbætur á skipulagi varðandi starfsemi á sjó og stjórnun strandsvæða. Tillagan miðar að uppbyggingu samevrópsks rammaskipulags um nýtingu sjávar og samþætta stjórnun strandsvæða með það fyrir augum að auka starfsemi á sjó og við strendur án þess að ógna sjálfbærni þeirra auðlinda sem þar er að finna. Verði tilskipunin samþykkt verður aðildarríkjum gert að útlista starfsemi á þeirra vegum bæði á sjó og við strendur. Tilskipunin ætti að auka samræmingu starfsemi á landi og sjó, auka öryggi fjárfesta, draga úr umsýslukostnaði ríkjanna og vernda vistkerfi sjávar- og strandsvæða.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-222_en.htm

Tillaga varðandi réttindi flugfarþega.

Framkvæmdastjórn ESB kynnti tillögu sem ætlað er að veita flugfarþegum aukinn rétt á upplýsingum, umsjón og aðstoð við að finna aðrar leiðir (e. re-routing) ef þeir eru fastir á flugvelli. Jafnframt verða gerðar ráðstafanir til þess að flugfarþegarnir geti komið kvörtunum á framfæri við til þess bæra aðila sem geti í kjölfarið leiðbeint um réttindi þeirra.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-219_en.htm

Losun gróðurhúsalofttegunda (LULUCF).

Ráðið hefur samþykkt ákvörðun varðandi reglur um losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar sem á sér stað til að mynda við landgræðslu, beitarstjórnun, framræslu mýra og losun vegna uppistöðulóna. Markmiðið er að búa til yfirgripsmikinn, öflugan og samhæfðan lagaramma fyrir þennan geira sem helst í hendur við þær ákvarðanir og tilskipanir sem koma frá Loftslagsstofnun S.þ. Samkvæmt ákvörðuninni eiga aðildarríki einnig að upplýsa um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og er það hugsað sem hvatning til að draga úr losun og beina athygli að aðgerðum í þágu þess.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/envir/136893.pdf

Samevrópsk vernd fyrir fórnarlömb ofbeldis.

Ráðið hefur samþykkt reglugerð um gagnkvæma viðurkenningu milli aðildarríkja ESB á vernd einstaklinga sem eiga á hættu að verða fyrir áreitni eða kynbundnu ofbeldi. Þannig þurfa einstaklingar í hættu sem eru undir vernd í einu aðildarríki ESB ekki að ganga frá tímafrekum formsatriðum til að tryggja sér slíka vernd í öðru aðildarríki ESB.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/jha/137391.pdf

Breyting á reglugerð um verkun hákarlaugga.

Ráðið hefur staðfest breytingu á reglugerð er varðar verkun á hákarlauggum um borð í skipum, þessi breyting herðir á reglugerðinni og bannar alfarið að uggar séu skornir af hákörllum um borð. Eftir að breytingin tekur gildi skal hákörllum landað með uggum en þessi breyting er í samræmi við sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB sem byggir á vísindalegum niðurstöðum. Nefnd ESB (e. Scientific, Technical and Economic Committee for Fisheries STECF) hefur staðfest mikilvægi bannsins þar sem mikið vantar upp á upplýsingar um veiðar og löndun á hákörllum, það er því mikilvægt að hákörllum sé landað með uggum þar sem þeim er iðulega hent fyrir borð ef uggarnir eru skornir af um borð. Þetta gefur ESB tækifæri til að meta stöðuna og grípa til verndaraðgerða ef þörf er á.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/agricult/137392.pdf

Langtímafjárlög ESB fyrir tímabilið 2014-2020.

Nefnd fastafulltrúa ESB samþykkti langtímafjárlög sambandsins fyrir tímabilið 2014-2020. Upphæðin er 960 milljarðar evra og verður sérstök áhersla lögð á vöxt og atvinnusköpun. Skilyrði Evrópuþingsins fyrir samþykki fjárlaga voru m.a. aukinn sveigjanleiki og verður nú hægt að færa afgangsfjármagn á milli ára. Fjárlagafrumvarpið þarf nú að fá samþykki hlutaðeigandi aðila samkvæmt hefðbundnu ferli.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/EN/genaff/137642.pdf

Fríverslunarviðræður við Bandaríkin.

Ráðið hefur samþykkt samningsumboð fyrir framkvæmdastjórn ESB til að hefja fríverslunarviðræður við Bandaríkin (e. Transatlantic trade and investment partnership TTIP) en framkvæmdastjórnin mun semja fyrir hönd ESB við Bandaríkin. Samkvæmt umboði ráðsins er þjónusta tengd mynd- og hljóðefni undanskilin.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/EN/foraff/137485.pdf

Lettland sem 18. Evruríkið.

Evruríkin samþykktu þann 21. júní tillögu um að Lettland verði 18. Evruríkið frá og með 1. janúar 2014. Byggir samþykkið á mati framkvæmdastjórnar ESB og Seðlabanka Evrópu á hæfi Lettlands og nauðsynlegum skilyrðum fyrir aðild að evrusvæðinu.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/137564.pdf

Schengen

Mikilvægum áfanga var náð á vettvangi Schengen-samstarfsins í apríl 2013 sl. þegar önnur kynslóð upplýsingakerfisins (SIS II) var gangsett eftir að hafa undirgengist víðtækar prófanir. SIS II, sem tók við af eldra SIS kerfi, virkar vel og engir alvarlegir hnökror hafa komið upp frá gangsetningu. SIS upplýsingakerfið er gagnlegt tæki fyrir lögreglu og til að auka öryggi á Schengen-svæðinu. Kerfið hefur að geyma upplýsingar um fólk sem er grunað um alvarlega glæpi eða hefur ekki rétt til að koma inn á eða dvelja á Schengen-svæðinu. Einnig er þar að finna tilkynningar um horfið fólk, einkum börn, og upplýsingar um ýmsar eignir, t.d. bifreiðar, skotvopn og skilríki sem eru týnd eða hefur verið stolið.

Þess má geta að upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir fyrir stutta dvöl á Schengen-svæðinu (VIS) virkar einnig vel og var á fyrri hluta árs útvíkkað til vestur-, austur og mið-Afríku.

Aðgerðir á ytri landamærum á landi Grikklands gagnvart Tyrklandi (e. Operation Shield) til að draga úr ólöglegum innflytjenda- og flóttamannastraumi yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins, hafa borið talsverðan árangur. Í staðinn jókst þó álag á landamæri Grikklands og Tyrklands af hafi og á Búlgaríu gagnvart Tyrklandi. Mesta álagið var á ytri landamæri Schengen-svæðisins á hafi, einkum gagnvart Ítalíu og Grikklandi. Flestir ólöglegu innflytjenda komu frá Afganistan en athygli vekur að mun færri komu frá Sýrlandi en áður þrátt fyrir ástandið sem þar ríkir.

Enginn árangur hefur enn náðst varðandi stækkun Schengen-svæðisins með fyrirhugaðri aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen. Þrátt fyrir að bæði ríkin hafi strangt til tekið uppfyllt skilyrði fyrir aðild að Schengen, standa ákveðin ríki enn í vegi fyrir því að Rúmenía og Búlgaría gerist aðilar þar sem þau hafa ekki þótt uppfylla kröfur ESB um aðgerðir til varna gegn skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu.

Í febrúar, mars og apríl sl. fór fram samræmd aðgerð evrópskra löggæsluyfirvalda á flugvöllum (AIRPOL) til þess að berjast gegn mansali og smygli á fólki, notkun falsaðra ferðaskilríkja, auðkennapjófnaði, skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Niðurstöður aðgerðarinnar eru væntanlegar síðari hluta árs 2013.

Svokallaðar „Schengen Governance tillögur“ hafa verið samþykktar en þær hafa verið til umræðu síðan 2011. Tillögurnar varða annars vegar úttektar- og eftirlitskerfi Schengen (e. Schengen Evaluation Mechanism) til þess að bæta úttekt og eftirlit á framkvæmd Schengensamkomulagsins. Hins vegar eru gerðar breytingar á fyrirkomulagi er varðar tímabundna upptöku eftirlits á innri landamærum aðildarríkja (e. Schengen Borders Code). Slíkt eftirlit er leyfilegt þegar um er að ræða ógn við allsherjarreglu eða innra öryggi.

ESB hefur einnig samþykkt nýjar reglugerðir sem snúa að upplýsingakerfi hælisleitenda (e. Eurodac) og er það lokahnykkur sameiginlegs kerfis ESB í málefnum hælisleitenda (e. CEAS). Eurodac er fingrafaragagnagrunnur allra, eldri en 14 ára, sem hafa sótt um hæli í ESB ríki en það mun koma í veg fyrir að fleiri en ein umsókn um hæli sé í gangi og auðveldar að meta hvort Dyflinar reglugerðin á við eða ekki.

ESB hefur auk þess samþykkt nokkrar breytingar á „Schengen Borders Code“ reglugerðinni en þessar breytingar eru gerðar til þess að bregðast við vanköntum á reglugerðinni, sem hafa komið í ljós á því ári sem hún hefur verið í gildi. Breytingarnar miða m.a. að því að auka gegnsæi, gefa skýrari takmörkun á lengd dvalar innan Schengen-svæðisins fyrir landamæraaverði og ferðamenn þ.a. stutt dvöl verður ekki lengri en 90 dagar á hverju 180 daga tímabili. Ríki geta lokað á eða viðhaldið tvíhliða samkomulagi um sameiginlega umferð um landamæri (e. shared border crossing) við nágrannaríki utan Schengen. Enn fremur þurfa Schengen-ríkin að bæta þjálfun landamæravarða og tryggja að þeir séu hæfir til þess að eiga samskipti við berskjaldaða einstaklinga.

Nýtt samræmt eftirlitskerfi fyrir landamæri á hafi og landi, Eurosur, er einnig í undirbúningi. Það er evrópskt eftirlitskerfi sem er hugsað sem tæki fyrir stjórnvöld Schengen-ríkja til að efla stjórnun á ytri landamærum og baráttuna gegn millilandaglæpum. Því er ætlað að vernda ytri landamæri Schengen með því að koma auga á og í veg fyrir ólöglegar ferðir fólks um ytri landamærin. Eftirlitskerfinu er einnig ætlað að vera forvörn gegn glæpum og ólöglegum

fólksflutningi og bjarga lífi og limum þeirra sem setja sig í hættu við að komast yfir landamærin.

Framkvæmdastjórn ESB hefur enn fremur lagt fram tvíþættan landamærapakka sem ætlað er að greiða fyrir, auðvelda og styrkja landamæraeftirlit með erlendum ríkisborgurum sem ferðast til ESB- svæðisins. Pakkinn inniheldur annars vegar áætlun um einföldun á landamæraeftirliti fyrir þá sem ferðast oft til ESB-landa. Einstaklingar sem sækja um slíka einföldun þurfa þó að standast stranga bakgrunnsskoðun. Áætlað er að 5 milljónir einstaklinga muni nýta sér umrædda þjónustu á ári. Pakkinn gerir ráð fyrir komu/brottfarar kerfi þar sem skráð er hvar og hvenær ríkisborgarar ríkja utan ESB ferðast til svæðisins. Kerfið mun reikna á sjálfvirkan hátt hversu lengi hver einstaklingur getur verið á svæðinu og lætur yfirvöld vita ef hann hefur ekki yfirgefið það fyrir tilsettan tíma. Vonast er til að landamærapakkinn geti verið kominn í notkun árið 2017 eða 2018.

Samskipti við ESB

Aðildarviðræður við ESB

Í janúar ákvað þáverandi ríkisstjórn Íslands að hægja á samningaviðræðum um aðild Íslands að ESB. Frá þeim tíma voru ekki hafnar viðræður um nýja kafla og engum köflum var lokað. Tæknilegar viðræður um opna kafla héldu áfram, m.a. um byggðamál og umhverfismál. Ný ríkisstjórn ákvað í maí að gera hlé á aðildarviðræðunum og eftir að hún tók við stjórnartaumum hafa viðræður við ESB miðað að því að ganga frá ýmsum tæknilegum atriðum sem leiddu af aðildarviðræðunum svo sem hvernig IPA stuðningi skuli háttað.

Tvíhliðamál

Hvað varðar tvíhliðasamskipti Íslands og ESB á tímabilinu ber helst að nefna norðurslóða- og orkumál, sem og ágreining Íslands og ESB um makrílveiðar. Á þessum sviðum hefur sendiráðið lagt umtalsverða vinnu í hagsmunagæslu og tengslamyndun og leitast við að auka skilning á stöðu Íslands á norðurslóðum.

Þann 15. apríl fór fram í Brussel fundur embættismanna Íslands og ESB um norðurslóðamál. Þar var m.a. rætt um stefnu Íslands og ESB á norðurslóðum, rannsóknir og orkumál, farþega- og farmflutninga, viðbúnaðar- og öryggismál, auk þess sem umsókn ESB um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu var til umfjöllunar. Fram kom á fundinum að bæði Ísland og ESB vilja viðhafa náið samstarf og samráð á sem flestum sviðum norðurslóðamála þar sem hagsmunir beggja felast í sjálfbærri þróun svæðisins. Báðir aðilar voru sammála um að formgera samráð og samstarf með einhverjum hætti. Samskiptin þyrftu að eiga sér stað bæði milli sérfræðinga og ráðamanna. Sammælst var um að halda formlega fundi á þessu stjórnsýslustigi tvisvar á ári í framhaldinu.

Orkumál skipuðu talsverðan sess í samskiptum ESB og Íslands á fyrri helmingi ársins. Hvað varðar jarðhitasamstarf hafa þau mál tekið nokkurn kipp fram á við eftir áralangt farsælt jarðvísindasamstarf. Hafin er vinna við að skipuleggja hringborðsumræður milli ESB og Íslands um jarðhitamál sem ætlunin er að nýta til vitundarvakningar meðal embættismanna ESB og fulltrúa opinberra lánastofnana um möguleika jarðhitans í Evrópu. Er stefnt að því að tryggja þátttöku lykilaðila á þessu sviði og er megin upplegg hringborðsumræðnanna að íslensk fyrirtæki og hagsmunaaðilar miðli viðskipta- og tæknireynslu sinni til opinberra evrópskra fjárfesta og stefnumótenda um nýtingu jarðhitans í Evrópu. Þannig verður sótt í

smiðju íslenskra fyrirtækja sem hafa haslað sér völl á þessu sviði víðs vegar í álfunni. Enn fremur og á sama tíma verði greint frá stefnu íslenskra stjórnvalda í nýtingu jarðhita. Fyrirhugað er að umræður þessar eigi sér stað í Brussel undir lok októbermánaðar, með þátttöku orkumálaráðherra og framkvæmdastjóra orkumála hjá ESB.

Sendiráðið hélt áfram að sinna margvíslegum erindrekstri vegna deilu Íslands og ESB um makrílveiðar. Sendiherra og aðrir starfsmenn sendiráðsins fylgdu málstað Íslands eftir af fullum þunga á öllum stigum með tugum funda, auk formlegra og óformlegra samtala, bæði gagnvart aðildarríkjum Evrópusambandsins og innan stofnanakerfis ESB. Í öllum samskiptum sínum í tengslum við þessa deilu hefur Ísland undirstrikað mikilvægi sjálfbærra veiða og vilja sinn til að ná sanngjörnum samningum um veiðarnar, sem taki tillit til lögmætra hagsmuna allra aðila á grundvelli alþjóðalaga. Ísland hefur einbeitt sér að því að kynna sinn málstað á skýran og málefnalegan hátt og reynt að forða því að staðreyndir og lagaleg staða gleymist í hita pólitískrar umræðu. Enn fremur hefur verið lögð áhersla á það sjónarmið Íslands að það hljóti að vera sameiginlegt markmið og hagsmunamál allra viðkomandi aðila að lausn á þessari deilu náist sem fyrst. Um leið hefur það verið skýrt tekið fram að öllum ólögmætum aðgerðum gegn Íslandi, þ.m.t. hugsanlegum viðskiptaaðgerðum Evrópusambandsins verði mætt af fullum þunga og Ísland muni leita réttar síns á viðeigandi vettvangi ef á þarf að halda.

Einnig má geta þess að þann 6. – 7. maí heimsótti Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunnar sendiráðið. Hann átti fund með sérfræðingum úr fastanefndum aðildarríkja þar sem rætt var um rannsóknir á makrílstofninum.

Utanríkismál

Sendiráðið leggur sig fram um að fylgjast grannt með umræðum og ákvarðanatöku ESB á sviði utanríkismála, sér í lagi fundum utanríkisráðherra ESB. Af þeim vettvangi er af mörgu að taka og hér er einungis stiklað á stóru varðandi málefni, umræður og aðgerðir sambandsins á alþjóðavettvangi.

Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna hittast u.þ.b. mánaðarlega á vettvangi ráðherraráðsins og móta þar sameiginlega utanríkisstefnu sambandsins og taka ákvarðanir um sameiginlegar aðgerðir og yfirlýsingar. Utanríkismálastjóra ESB, Catherine Ashton, ber að framfylgja ákvörðunum ráðsins. Ef mikið liggur við getur ráðið kallað til aukafunda en á fyrstu sex mánuðum ársins hittist ráðið 7 sinnum auk þess sem að sérstakur utanríkisviðskiptafundur var haldinn einu sinni. Helstu málefni sem voru til umfjöllunar það misserið var ástandið í Sírylandi og hvernig Evrópusambandið gæti haft áhrif á þróunina þar, hernaður Frakka í Malí og íhlutun Evrópusambandsins, samskiptin við nágrannalöndin í austurvegi, en á döfinni er m.a. endurskoðun samstarfssamninga ESB við sex ríki, og samskiptin við nágrannalöndin í suðri en ástandið í Egyptalandi og fjárstuðningur við stjórnvöld þar voru til umræðu. Hér að neðan er nánari lýsing á umfjöllun og aðgerðum ráðsins í helstu málaflokkum.

Sýrland: Mikið var rætt um viðskiptabann Evrópusambandsins á Sírylandi. Snemma árs höfðu nokkur ríki með Bretland fremst í farabroddi lagt áherslu á að hægt yrði að koma vopnum til stjórnarandstöðunnar en að rjúfa vopnasölubannið mætti andstöðu þorra ríkjanna í ráðinu og eftir ráðherrafundinn í febrúar var tilkynnt að vopnasölubannið yrði framlengt um þrjá mánuði.

Á marsfundi ráðsins hittu utanríkisráðherrarnir Lakhdar Brahimi, fulltrúa Arababandalagsins og Sameinuðu þjóðanna í friðarferlinu í Sírylandi. Hann lagði mesta áherslu á að það helsta sem ESB gæti gert væri að beita sér fyrir breytingu í afstöðu Rússa. Hann varaði við að

miklum peningum yrði veitt í neyðaraðstoð beint til stjórnarandstöðunnar og taldi ólíklegt að sú hjálp myndi skila sér til þeirra sem á þyrftu að halda. Ráðherraráðið ákvað engu að síður að auka neyðaraðstöðina umtalsvert sem var orðin meira en 500 milljón evrur. Rætt var við Rússland á fundi G8 ríkjanna og fengu hugmyndir um friðarsamninga einhvern hljómgrunn. Á sama tíma var þrýstingur innan ráðherraráðsins um afléttingu vopnasölubannsins orðin gríðarlegur og töldu mörg aðildaríkin víst að Rússland og Kína væru að selja stjórnarhernum í Sírylandi vopn og gera yrði stjórnarandstöðinni kleift að verja sig. Ákvörðun var tekin um að leyfa stjórnarnstæðingum að eiga viðskipti með auðlindir á svæðum sem þeir réðu yfir, svo sem olíu.

Á maífundum ráðsins dró til tíðinda. Viðskiptabannið var framlengt um 12 mánuði en nú gerð undantekning fyrir vopnasölu. Undantekningunni fylgdi það skilyrði að aðeins mætti selja vopn til stjórnarandstæðinganna í Þjóðarbandalagi Sírylands (e. Syrian National Coalition) og engin sala megi eiga sér stað nema tryggt sé að vopnin lendi í réttum höndum. Fljótlega í kjölfarið var neyðaraðstoðin aukin til mikilla muna og í júní var hún komin í 1,25 milljarð evra. Ráðherraráðið ræddi hvort eitthvað væri til í sögusögnum um notkun efnavopna en vildu ekki reiða sig á slíkt enda hræddu sporin frá því í aðdraganda Íraksstríðsins.

Malí: Í upphafi árs áttu liðssveitir Frakka í átökum við uppreisnarheri í þeim tilgangi að hrekja þá frá völdum í norðurhluta landsins. Á sama tíma lá utanríkisþjónusta Evrópusambandsins undir ámæli fyrir að taka of langan tíma í að koma upp þjálfunarbúðum fyrir stjórnarher Malí eins og lofað hafði verið. Takmörkuð geta ESB til hernaðaríhlutunar var sumum aðilum innan ráðsins ástæða til þess að undirstrika mikilvægi þess að efla viðbragðsgetu Evrópusambandsins. Settur var kraftur í undirbúninginn og á febrúarfundum ráðsins tilkynnti Catherine Ashton að þjálfunarbúðirnar væru komnar á stað. Í ofanálag yrði 20 milljón evrum veitt í þróunarstyrki á árinu.

Þegar leið á vorið fóru aðgerðir Frakka að skila árangri en þegar fámennt herlið þeirra færði sig um set, eftir að hafa brotið uppreisnaröflin á bak aftur, myndaðist tómarúm. Þjálfunarbúðir ESB reyndust ekki geta byggt upp getu stjórnarhersins til að tryggja stöðugleika í landinu. Ennfremur varð dráttur á því að stuðningssveitir Afríkúríkja, sem höfðu fengið umboð frá Sameinuðu þjóðunum, kæmu að því að koma á stöðugleika í landinu. Frakkar kölluðu eftir aukinni aðkomu fleiri ríkja við dræmar undirtektir. Að endingu varð úr að stuðningssveitir Afríkúríkja urðu að stuðningssveitum Sameinuðu þjóðanna með aðkomu fjölda ríkja (þótt hún væri að mestu skipuð afrískum hermönnum). Um mitt árið voru enn lítil samskipti á milli suðurs og norðurs en í ráðherraráðinu var rætt um að skipuleggja fund á milli fylkinganna eða koma á forsetakosningum hið fyrsta.

Nágrannaríkin í austri: Í undirbúningi eru viðamiklir samstarfssamningar milli ESB og sex nágrannaríki sambandsins í austri (löndin eru Georgía, Armenía, Azerbaidjan, Hvíta Rússland, Moldavía og Úkraína). Þessar fyrirætlanir hafa mætt talsverðu viðnámi frá rússneskum yfirvöldum sem telja löndin sex tilheyra sínu áhrifasvæði. Í febrúar hófust umræður innan ráðherraráðs ESB um að halda leiðtogafund ESB og umræddra ríkja og verður sá fundur haldinn í Vilnús í Lithén í nóvember nk.

Í júní hófst undirbúningurinn að alvöru. Afstaða aðildaríkja ESB á nóvemberfundinum þyrfti að vera einróma og var ákveðið að ganga út frá því að samskipti sambandsins við ríkin sex yrðu dýpkuð mjög og myndu byggjast á ákveðnum gildum. Ekki mætti þó gefa væntingar um aðildaviðræður. Ráðherraráðið ákvað að halda ríkjunum eins sex þétt að undirbúningnum og kostur er og forðast sömu mistök og fyrir tveimur árum þegar tilraun til hins sama var gerð án

mikils samráðs og án árangurs. Samskiptin við Úkraínu eru erfiðust enda mikil togstreita hjá úkraínskum stjórnvöldum hvort beri að halla sér meira að Evrópusambandinu eða Rússlandi. Það var talið boða gott hvernig Úkraína kom sér hjá því að taka fullan þátt í Evrasíubandalaginu, hinu nýja tollabandalagi Rússlands og grannríkja og þess í stað tekið stöðu áheyrnaraðila.

Aðkoma Hvíta Rússlands að ferlinu hefur valdið ESB nokkrum vandræðum. Í aðdraganda undirbúningsfundar í júlí var aflétt hömlum á vegabréfsáritunum til hvítússneskra leiðtoga. Aðgerðin vakti hörð viðbrögð frá sumum aðildarríkjum sem sögðu ekki koma til greina að leiðtogar sínir myndu sitja við sama borð og leiðtogar Hvíta Rússlands. Reynt var að ná málamiðlun með því að koma þeim skilaboðum til Hvít-Rússa að senda ekki forseta eða forsætisráðherra á fundin heldur aðeins utanríkisráðherra.

Nágrannaríkin í suðri: Evrópusambandið hefur reynt að stuðla að lýðræðisumbótum í Egyptalandi, Túnis og Líbýu, m.a með mikilli fjárhagsaðstoð. Í Túnis voru haldnar kosningar sem Evrópusambandið hafði eftirlit með og í Líbýu var fjárhagsaðstoð frá ESB notuð til að koma 1,2 milljón barna í skóla. Ráðherraráðið taldi vera lítinn merkjanlegan árangur af aðstoðinni í Egyptalandi og að erfitt efnahagsástand ásamt mikilli fólksfjölgun og atvinnuleysi, hamli raunverulegum umbótum.

Vegna deilna ólíkra fylkinga í Egyptalandi heimsótti utanríkismálastjóri ESB þáverandi forseta Egyptalands, Morsi. Hann var samstarfsfús og sagðist fremur kjósa aðkomu ESB að málefnum Egyptalands en ýmissa annarra. Í júní lýstu ýmsir ráðherrar í ráðinu því yfir að erfitt væri að réttlæta fjárstuðning til Egyptalands gagnvart eigin þjóðþingi án þess að geta sýnt fram á að stuðningurinn bæri árangur. Virtist það þó afstaða flestra að Evrópusambandið ætti engra kosta vöð en að halda stuðningi áfram.

Önnur svæði: Samskipti við Bandaríkin og Rússland koma upp reglulega á fundum ráðherraráðsins. Báðir aðilar skipta miklu máli varðandi gang mála í Sírlandi en þar að auki hefur ráðið bundið talsverðar vonir við að málefni Ísrael og Palestínu færist ofar á forgangslista Bandaríkjamanna. Jafnframt var hafið ferli það sem gæti leitt til nýs fyrirkomulags fríverslunar á milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Samskipti ESB og Rússlands eru fjölpætt. Margir telja að Rússland reyni að ala á sundurlyndi meðal Evrópusambandsríkja til að styrkja stöðu sína gagnvart sambandinu. Afstaða aðildarríkjanna er í meginatriðum tvíþætt; annarsvegar þau sem vilja spyrða saman bein hagsmunamál (eins og orkumál, WTO og vegabréfsáritanir) og mannréttindamál og hinsvegar þau sem vilja halda þessu aðskildu. Mismunandi afstaða leiðir til hálfgerðrar pattstöðu í Rússlandsstefnu Evrópusambandsins en þó var ákveðið að styrkja enn frekar samstarfið á sameiginlegum hagsmunasviðum, svo sem á norðurslóðum.

Norðurslóðamál voru lítið til umræðu í ráðinu. Í janúar var rætt stuttlega um Norðurslóðastefnu ESB sem var samþykkt seinasta sumar. Norrænu ríkin voruðu við að stefna ESB í verndunarmálum, t.d. varðandi ísbirni, skapaði sambandinu óvild meðal frumbyggja, og þ.a.l. stjórnvalda í Kanada og Rússlandi. Leiddi þetta m.a. til þess að ESB fékk ekki fulla áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu í maí síðastlinum.

Í janúar var ákveðið að haldin yrði stór ráðstefna um enduruppbyggingu Sómalíu í október næstkomandi. Ferðabanni á mörgum leiðtogum Zimbabwe var aflétt í febrúar. Í apríl urðu þau tímamót að ráðherraráðið aflétti áralöngu viðskiptabanni á Myanmar í kjölfar umbóta þar í landi og tekið var upp stjórnmalasamband á nýjan leik. Fram eftir voru beitti

Evrópusambandið sér fyrir því að koma stjórnmalasamskiptum Kosovo og Serbíu í eðlilegt horf. Ráðherraráðið hefur þungar áhyggjur af ástandinu í Írak en aðildaríki hafa undanfarið gagnrýnt framkomu við stjórnarerindreka sína í Írak.

Starfsmenn sendiráðsins eiga margháttað samráð við stofnanir sambandsins og fastanefndir aðildarríkjanna í Brussel. Samstarfið við utanríkisþjónustu ESB (EEAS) er samfellt og náíð. Sem dæmi um formleg samskipti má nefna pólitískt samráð EEAS við EES EFTA ríkin og setu fulltrúa Íslands á fundum stjórnála- og öryggisnefndar ESB vegna NATO aðildarinnar. Óformlegt samráð er stöðugt, aflað er upplýsinga um stöðu og þróun mála innan ESB, en ekki síður er sjónarmiðum Íslands í utanríkismálum komið á framfæri. Til að slíkt óformlegt samstarf skili sem bestum árangri vinnur sendiráðið markvisst að því að efla og útvíkka tengslanet sitt í Brussel. Þegar kemur að utanríkis- og öryggismálum starfar sendiráðið náíð með alþjóða- og öryggissviði ráðuneytisins.

Íslandi berast reglulega boð um að taka undir ýmsar yfirlýsingar ESB varðandi utanríkismál- og alþjóðamál. Frá upphafi árs til júníloka bárust 20 boð um að taka undir slíkar yfirlýsingar og tók Ísland undir þær allar. Yfirlýsingar þessu voru af ýmsum toga m.a. á sviði mannréttinda, umhverfismála og varðandi átaka- og óróasvæði í heiminum.

Samskipti íslenskra stjórnvalda við Evrópuþingið

Líkt og undanfarin ár hafa bæði sendiherra og aðrir starfsmenn sendiráðsins átt fjölmarga fundi með bæði þingmönnum á Evrópuþinginu, starfsmönnum þeirra og fulltrúum hinna ólíku þingflokka. Málefnið eru margvísleg og tilgangur fundanna jafnan tvíþættur, að koma málstað og hagsmunum Íslands á framfæri sem og að afla upplýsinga um stærri mál sem eru til umfjöllunar innan þingsins. Sem dæmi má nefna endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB, norðurslóðamál, fjárlagagerð ESB fyrir tímabilið 2014-2020, fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna, orkumál og endurnýjanlegir orkugjafar og svo mætti áfram telja. Samstarf og samræða sendiráðsins við Evrópuþingið hefur aukist mjög á undanförunum árum og skýrist það af auknu mikilvægi þingsins við ákvarðanatöku innan ESB. Nú er svo komið að þingið á hlutdeild í nær öllum meiriháttar ákvörðunum sem teknar eru innan sambandsins. Það er því mikilvægt að Ísland sinni virkri hagsmunagæslu gagnvart þinginu og að sendiráðið viðhaldi og útvíkki það tengslanet sem byggt hefur verið upp með markvissum hætti á umliðnum árum.

Formennskuríki ESB 2013

Formennska Íra (janúar – júlí 2013)

Frá janúar til júlí á þessu ári gegndi Írland formennsku ráðherraráðs Evrópusambandsins. Fyrir upphaf formennskutímabilsins settu írsk stjórnvöld fram aðgerðaráætlun um markmið sín á tímabilinu. Meðal þess sem aðgerðaráætlunin lagði áherslu á var stöðugleiki, atvinnumál, vöxtur og aukin viðskipti við umheiminn. Þann 1. júlí síðastliðinn gaf fráfarandi formennskuríkið út skýrslu þar sem formennskutíminn var gerður upp. Skv. skýrslunni voru stærstu áfangarnir frekari framvinda við stofnun bankabandalags, samkomulag um 7 ára fjárlög Evrópusambandsins, en á því höfðu orðið talsverðar tafir, undirbúningi fríverslunarviðræðna milli ESB og Bandaríkjanna var lokið (og viðræður hófust í byrjun júlí

2013). Eftirfarandi er nánari útlísta á þeim árangri sem Írar telja sig hafa náð í formennskutíð sinni, í samræmi áhersluatriðin fyrrnefndu.

Stöðugleiki:

1. Myndun sameiginlegs fjármálaeftirlits, ný tilskipun um eiginfjárkröfu (CRD IV) og ný lögjöf er varðar uppgjör og endurreisn bankastofnana. Öllum þessum aðgerðum er ætlað að stuðla að stöðugleika á bankamarkaði.
2. Tvær nýjar reglugerðir (e. two pack) sem ætlað er að auka samræmi og styrkja eftirlit með fjárlagagerð evruríkjanna, einkum þeirra verst settu, fékkst samþykkt á Evrópuþinginu.
3. Góður árangur í rekstri Evrópuannarinnar (e. European semester) sem er samræming á þjóðhagslegum, fjárhagslegum og endurbótastefnum allra aðildarríkja en í kjölfar hennar eru lagðar fram tillögur fyrir hvert ríki.

Atvinnumál og vöxtur:

1. Sjö ára fjárlög Evrópusambandsins (2014-2020) gera ráð fyrir 960 milljarða evra heildarfjárfestingu á margvíslegum sviðum, s.s. uppbyggingu innviða, samheldni og byggðastefnu, menntun og rannsóknum og í landbúnaði.
2. Hafið var sérstakt átak sem á tryggja fólki undir 25 ára vinnutækifæri við hæfi innan fjögurra mánaða frá því að það útskrifast eða missir vinnuna (e. Youth Guarantee Recommendation). Í sjö ára fjárlögum var í fyrsta skipti tekið frá fjármagn (8 milljarðar evra) til að vinna að úrbótum í atvinnumálum ungs fólks.
3. Það náðist samkomulag um öll helstu verkefni sem munu fá fjármuni af 7 ára fjárlögum. Þar á meðal er Horizon 2020 sem á að marka framtíðarsýn fyrir efnahagsstefnu sambandsins, sameiginlega landbúnaðarstefnan, ný áætlun sem stuðlar að hraðari netvæðingu, LIFE áætlunin sem mun veita fé til umhverfisverndar, COSME áætlunin sem ætlað er að auka samkeppnisfærni evrópskra fyrirtækja og endurskoðuð menntaáætlun Evrópusambandsins eða ERASMUS+.
4. Samþykkt var ný áætlun sem veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum aukin tækifæri í opinberum innkaupum aðildarríkjanna.
5. Sérstök áhersla var lögð á atvinnugeira sem taldir eru hafa mikla vaxtamöguleika, svo sem tölvu- og tæknigeirann. Á því sviði miðaði áfram við gerð nýrra reglugerða um gagnavernd og stafræn auðkenni.

Samband ESB við umheiminn:

Áhersla á að auka viðskiptasambönd og betrubæta samskipti Evrópusambandsins við umheiminn er nátengd markmiðum varðandi atvinnumál og vöxt. Árangur í fríverslunarviðræðum ber hér hæst, þar sem viðræður milli ESB og Japan eru í farvatninu og viðræður við Bandaríkin hafnar.

Formennska Litháa (júlí – desember 2013)

Litháen hyggst leggja áherslu á að auka getu ESB til þess að bregðast við áskorunum á sviði efnahags-, fjármála-, félags- og orkumála. Megináherslan verður að auka fjárhagslegan stöðugleika og samkeppnishæfni Evrópu, auk þess að hrinda í framkvæmd „vaxtaráætlun“ ESB. Formennskuríkið telur að frekari Evrópusamruni og styrking sameiginlega markaðarins, þar með talið á sviði orku, muni skapa ný tækifæri til þess að sporna gegn atvinnuleysi, sérstaklega meðal ungs fólks. Jafnframt muni slíkar aðgerðir styrkja þá efnahags- og samfélagsmynd sem ríkir í Evrópusambandinu. Litháen áréttar að opnar dyr ESB gagnvart nýjum aðildarríkjum, nágrönnum og samstarfsaðilum í viðskiptum mun ekki aðeins gagnast

efnahagslífi ESB heldur skjóta traustari stöðum undir markmið Evrópusambandsins, þ.e. að stuðla að hagsæld, friðsæld og lýðræði í frjálsri og opinni Evrópu.

Litháen einsetur sér að starfa af heiðarleika sem milligönguaðili og að eiga góða samvinnu við aðildaríkin og stofnanir Evrópusambandsins. Náíð samstarf og virk samræða við Evrópuþingið og framkvæmdastjórninni sé nauðsynleg til þess að tryggja að markmið formennskutíðarinnar náist. Litháar hyggjast takast á við formennsku sína í ráðherraráðinu af sömu lausnamiðaðri skilvirkni og þegar þeim tókst að bregðast við efnahags- og fjármálakreppunni af festu heimafyrir. Til þess að tryggja samfellu í stefnumótun Evrópusambandsins ætlar Litháen að starfa náíð með samstarfsríkjum sínum í formennskubrennunni (Írlandi og Grikklandi) og mun þar styðjast við sameiginlega 18 mánaða áætlun þessara þriggja ríkja.

Í formennskutíð sinni ætlar Litháen að stuðla að:

- **Trúverðugri Evrópu** með stöðugleika á fjármálamörkuðum og í opinberum fjármálum, árangurs- og vaxtarmiðaða hagstýringu og sterkari félagslega vídd.
- **Hagvexti í Evrópu** með aukinni fjárfestingu á sviði rannsókna og tækniþróunar, frekari samþættingu innri markaðarins ásamt betri atvinnutækifærum og sjálfbæru almannatryggingakerfi.
- **Opinni Evrópu** sem getur tekist á við vandamál á skilvirkan hátt, verndað réttindi borgara ESB, stuðlað að því að lýðræðisleg gildi séu í hávegum höfð sem og að auknu öryggi í nánasta nágrenni sambandsins.

Leiðtogafundir ESB

Fjórir leiðtogafundir hafa verið haldnir á fyrri hluta 2013 í febrúar, mars, maí og júní. Á fyrsta fundinum sem haldinn var 7.- 8. febrúar var fjárlagaramminn fyrir tímabilið 2014-2020 í forgrunni og náðist samkomulag um heildarupphæð fjárlaganna, €960 milljarðar, eftir langar og strangar samningaviðræður á milli aðildarríkja og Evrópuþingsins. Á fundinum var samþykkt að fara í sérstakt átaksverkefni í atvinnumálum ungs fólks. Í því felist að ungu fólki innan við 25 ára sem hafði ekki fengið atvinnu innan 4 mánaða frá útskrift eða atvinnumissi fái aðgang að sérstökum atvinnutækifærum, framhaldsmenntun eða starfsþjálfun. Þá leggur Evrópusambandið aukið fjármagn og aukna áherslu á samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar á næsta fjárlagatímabili og tengsl þessara þátta við atvinnulífið með það fyrir augum að efla samkeppnishæfni og hagvöxt. Þess ber að geta að hið síðastnefnda tengist íslenskum hagsmunum með beinum hætti vegna þátttöku Íslands í mennta- og rannsóknáætlunum ESB í gegnum EES-samninginn.

Á öðrum fundi leiðtoganna var efnahagsstefna ESB til umræðu. Samstaða var um að áfram þurfi að sýna aðhald en á sama tíma leita leiða til að auka hagvöxt og skapa atvinnu. Atvinnuleysi ungs fólks var í deiglu og rætt hvert bæri stefna í þeim málum. Framkvæmdastjórnin hafði í framhaldi af ákvörðun um átaksverkefni í febrúar lagt fram tillögur um hvernig hægt væri að færa fjármögnun verkefnisins undir sama regluverk og mun gilda um Félagsmálasjóð ESB frá ársbyrjun 2014. Þessi leið hlaut stuðning á leiðtogafundinum og því verður átaksverkefnið komið í fullan gang 1. janúar 2014. ESB átti fund með Rússlandi og var farið yfir samband þeirra og minnt á mikilvægi þess að virða ólíkar skoðanir og afstöðu en um leið styrkja sambandið.

Eldfimt ástand Sýrlands var einnig rætt og einlægur ásetningur ESB að koma að því að stilla til friðar, leiðtogarnir ræddu einnig vopnasölubann og var sú hugmynd viðruð að aflétta því til að koma vopnum til uppreisnaraðila.

Á leiðtogafundi 22. maí voru skatta- og orkumál helstu mál á dagskrá. Leiðtogarnir töluðu fyrir alþjóðlegum stöðlum um skattaupplýsingar, skatti á innistæður, aðgerðum gegn svikum á virðisaukaskatti, hertri baráttu gegn peningabætti og skattlagningu í netheimum. Sérstök áhersla var lögð á að koma upp kerfi um sjálfvirkt flæði upplýsinga milli landa í skattamálum. Umræða var um einn orkumarkað fyrir ESB, sem gæti þýtt mikinn sparnað fyrir neytendur. Hann á að vera tilbúinn fyrir árið 2014 og innviðir þvert á landamæri tilbúnir svo öll aðildarríki geti tengst sameiginlegum rafmagns- og gasdreifikerfum árið 2015. Áætluð var umtalsverð fjárfesting í nýjum hátæknidreifikerfum. Áhersla var lögð á nauðsyn þess að auka fjölbreytni orkugjafa í Evrópu til að auka sjálfstæði evrópsks orkumarkaðar og beina sjónunum meira að staðbundnum orkugjöfum.

Atvinnuleysi ungs fólks og aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki voru meðal helstu dagskrárliða leiðtogafundarins 27. – 28. júní. Atvinnuleysi ungs fólks er eitt helsta vandamál sem steðjar að Evrópu þessa dagana og nauðsynlegt að stemma stigu við því, veita á 8 milljörðum evra í málaflokkinn. Tryggja á litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgengi að lánsfé úr sjóðum ESB. Enn þokaðist í átt að bankabandalagi ESB en samþykktar voru reglur varðandi björgunaraðgerðir banka sem færir ábyrgð á fjármögnun björgunaraðgerða frá skattgreiðendum yfir á fjármálastofnanir.

Efst á baugi á Evrópuþinginu

Evrópuþingið lagði til að kosningar yrðu haldnar í maí 2014 í stað júní svo nýkjörið þing hefði tíma til að undirbúa sig fyrir kosningar til forseta framkvæmdarstjórnarinnar sem haldnar verða næstkomandi júlí.

Efnahagsmál voru áberandi í umræðum Evrópuþingsins á fyrstu sex mánuðum ársins. Einna helst ber að nefna að þingið samþykkti tvíþætta (e. „two pack“) og sexþætta löggjöf um hagstjórnun. Ákveðið var að framkvæmdastjórnin tryggði farsæla innleiðingu umræddrar löggjafar áður en ráðist væri í frekari breytingar á myntbandalagi ESB.

Bónusgreiðslur til bankastarfsmanna voru einnig í kastljósinu en talið er að slík umbun ýti undir áhættu hegðun þeirra. Evrópuþingmenn skáru upp herör gegn slíkri hegðun með samþykkt á aðgerðum sem setja þak á þann bónus sem bankar geta greitt starfsmönnum sínum. Vonast er til þess að aðgerðirnar hafi margvíslega kosti í för með sér en ásamt því að draga úr áhættu hegðun munu þær auka eiginhlutafé (e. capital provisions) bankanna og bæta eftirlit með þeim.

Eftirlit með bönkum innan evrusvæðisins var einnig til umræðu á þinginu. Innleiðing bankaeftirlitskerfis sem gefið var samþykki fyrir færir seðlabanka ESB (e. ECB) yfirumsjón með starfsemi stærstu banka evrusvæðisins og leiðbeinandi hlutverk í starfsemi minni bankanna. Til að koma í veg fyrir lýðræðishalla var ákveðið að seðlabankinn væri ábyrgur fyrir eftirlitinu gagnvart þinginu.

Fyrstu sex mánuðir ársins einkenndust einnig af umræðu um fjárlögin. Fimm þingflokkar - EPP, S&D, ALDE, þingflokkur grænna og GUE/NGL – komu í veg fyrir staðfestingu fjárlaganna fyrir 2014-2020 sem framkvæmdarstjórnin samþykkti þann 8. febrúar. Ákveðin

spenna myndaðist á milli þingsins og framkvæmdastjórnarinnar vegna óánægju þingmanna með ákveðna þætti fjárlaganna. Í fyrsta lagi vildi það ekki samþykkja fjárlög sem gætu leitt til fjárlagahalla. Í öðru lagi var greiðsluhallinn of mikinn á fjárlögum ársins 2013 að mati þingsins sem vildi að aðildarríkin lokuðu fjárlagagatinu til að koma í veg fyrir að hinar ýmsu áætlanir færu úr skorðum. Í þriðja lagi taldi þingið æskilegt að auka sveigjanleika á milli ára og sviða svo fjármagnið nýttist eins vel og mögulegt væri. Í fjórða lagi vildi þingið bæta við ákvæði um að þingið skyldi fara yfir útgjöld fjárlaganna og nota til þess atkvæðagreiðslu með auknum meirihluta. Með því gæti þingið tryggt sér og framkvæmdastjórninni áhrif á fjárlögin. Í fimmta og síðasta lagi taldi þingið þörf á að ESB kæmi sér upp fleiri aðferðum til að fjármagna fjárlögin, þ.e. aðra tekjustofna en greiðslur aðildarríkjanna.

Þann 28. júní náðu ráðið og evrópuþingið samkomulagi um fjárlögin fyrir 2014-2020. Innleiðing samkomulagsins krefst nú einróma samþykkis aðildarríkjanna og hreins meirihluta á Evrópuþingi.

Umræður um endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB voru tímafrekar á Evrópuþinginu. Í mars samþykktu þingmenn breytingarnar sem eiga að gera stefnuna grænni, sanngjarnari og betur til þess fólagna að tryggja fæðuöryggi. Þingið studdi tillögur þess efnis að upplýsingar um þá sem þiggja landbúnaðarstyrki ESB verði opinberar. Þingið samþykkti einnig 25% hvatagreiðslur fyrir unga bændur og að 30% af beingreiðslum verði tengd umhverfisvænum skilyrðum. Í febrúar samþykkti þingið €40 milljóna eingreiðslu fyrir harðbýlustu svæði ESB til að bæta upp fyrir slæma samkeppnisstöðu þeirra.

Í febrúar samþykkti Evrópuþingið endurskoðun á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB. Breytingarnar fela m.a. í sér bann við brottkasti en markmið breytinganna er að gera fiskveiðar sjálfbærar og draga úr ofveiði einstakara stofna. Kvótar verða gefnir út í samræmi við ástand stofna til að tryggja sjálfbærni þeirra. Makríldeilan var rædd í þinginu í apríl. Þingmenn hvöttu Damanaki, fiskveiðistjóra ESB, að setja viðskiptabann á Ísland og Færeyjar.

Evrópuþingmenn samþykktu breytingar á Schengen landamærakerfinu. Breytingarnar felast aðallega í því að undir sérstökum kringumstæðum geta ríki tímabundið tekið upp landamæraeftirlit innan Schengen svæðisins. Gert er ráð fyrir því að Schengen Governance pakkinn verði samþykktur af ráðinu í haust.

Króaía varð 28. ríki ESB þann 1. júlí 2013. Þingið gaf út skýrslu um Serbíu, Kósóvó og Svartfjallaland. Samkvæmt skýrsluhöfundum er æskilegt að Serbía hefji aðildarviðræður, en að Kósóvó og Svartfjallaland skyldu ráðast í aðgerðir sem ESB telur nauðsynlegar (t.d. berjast gegn spillingu og skipulögðum glæpum). Þingmenn vildu opna viðræður við Tyrkland um dómsmál, mannréttindi og innanríkismál. Auk þess hvöttu þeir aðildarríkin til að hefja aðildarviðræður við Makedóníu en töldu að Bosnía hefði alls ekki mætt þeim skilyrðum sem sett höfðu verið fyrir frekari viðræðum.

Þingmenn ræddu málefni Malí og hvöttu til pólitískra umbóta þar í landi og að kosningar verði haldnar þar í sumarbyrjun.

Staða Egyptalands var rædd á þinginu, þingmenn sögðu að ESB þyrfti að setja enn strangari skilyrði fyrir aðstoð til Egyptalands og veltu því upp hvort áherslan ætti áfram að vera á lýðræðisumbætur, mannréttindi og frelsi. Þingmenn eru uggandi yfir þróun mála í Egyptalandi þar sem ofbeldið er viðvarandi og sundrung eykst.

Samband Kína og ESB var rætt í þinginu og töluðu þingmenn um nauðsyn þess að Kínverjar breyttu pólitískri stefnu sinni í samræmi við þá viðskiptaþróun sem á sér stað í landinu. Kínversk yfirvöld verða að geta sýnt fram á að góður árangur í viðskiptum sé ekki aðeins á færi ríkra formanna stjórnmalaflokka.

Málefni Sýrlands voru rædd og þingmenn vilja að ESB verði leiðandi í því að koma í veg fyrir að átök breiðist út til nágrennaríkjanna. Þingmenn kölluðu eftir áætlun frá framkvæmdastjórninni um víðtækar aðgerðir í mannréttindamálum í Sýrlandi og nærliggjandi ríkjum

Þingmenn samþykktu nýjar reglur sem ætlað er að samhæfa verklagsreglur í málefnum hælisleitenda og tryggja hælisleitendum grunnréttindi við komu til ESB ríkja.

Í apríl voru málefni norðurskautsins rædd og stefnumótun ESB í þeim málaflokki. Framkvæmdastjórnin sagði frá samræðum ESB og Íslands þar sem leitast væri við að finna heppilegt form á samstarfi, báðum til heilla. Einnig var rætt með jákvæðum hætti um norðlægu víddina, samstarfsvettvang ESB, Íslands, Rússlands og Noregs. Frekari aðkoma ESB að Norðurskautinu væri tengd umsókn þeirra um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Stefna ESB gagnvart Norðurskautinu byggir á þremur liðum; þekkingu, ábyrgð og skuldbindingu.

Meningarmál

Sendiráð Íslands í Brussel stóð að þátttöku rithöfundanna Auðar Övu Ólafsdóttur og Sigurjóns Birgis Sigurðssonar (Sjón) á Passa Porta bókmenntahátíðinni í mars sl. í samvinnu við Bókmenntasjóð Íslands. Passa Porta bókmenntahátíðin er einn stærsti bókmenntaviðburður í Belgíu og til hans er boðið fremstu rithöfundum heims. Rithöfundarnir lásu upp úr verkum sínum *Afleggjaranum* og *Argóarflísinni* og hollenski bókmenntagagnrýnandinn Maria Vlaar ræddi við höfundana um íslenskar bókmenntir og verk þeirra. Fullt var út úr dyrum og þurftu áhugasamir frá að hverfa.

Í apríl var tilkynnt að Harpa, ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík, hafi hlotið verðlaun Evrópusambandsins fyrir nútímabyggingarlist, kennd við Mies van der Rohe, fyrir árið 2013. Verðlaunin, sem veitt eru annað hvert ár, eru einhver virtustu verðlaun á þessu sviði í heiminum. Harpa er verk arkitektastofu Henning Larsen í Danmörku, í samvinnu við Batteríið á Íslandi og Stúdíós Ólafs Elíassonar í Berlín. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Barcelona þann 6. júní.

Þórir Ibsen, sendiherra, opnaði alþjóðlega ráðstefnu í Brussel um sagnfræði og borgarskipulag í Evrópu frá 19. til 21. aldar. Ráðstefnan sem var haldin í Brussel dagana 15. og 16. maí er samstarfsverkefni heimspeki- og arkitektadeildar ULB háskólans í Brussel, hugvísindadeildar Háskóla Íslands og arkitektadeildar Listaháskóla Íslands. Seinni hluti ráðstefnunnar verður haldinn í Reykjavík dagana 26. og 27. september nk.

Kvikmyndin *Djúpið*, í leikstjórn Baltasars Kormáks, var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Brussel þann 22. júní. Sendiráðið lagði til kynningarefni frá Íslandsstofu og Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík (RIFF) í norrænan kynningarbás á opnunarkvöldinu en norrænar kvikmyndir voru áberandi á hátíðinni.